

Mál nr. 20/2010

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.**

Bilun í sjónvarpi er rafmagnstruflanir urðu á Akranesi þann 6.11.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 25.1.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.2.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis þann 6.11.2009 urðu tvær háspennubílanir í rafveitukerfi O á Akranesi. Munu bílanirnar hafa valdið spennuflökti í veitukerfinu. Á sama varð bilun í flatskjá í eigu M og er jafnvel talið að hann sé ónýtur.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins úr ábyrgðartryggingu O hjá váttryggingafélaginu X. Í ofangreindu bréfi X kemur fram að fyrri bilunin hafi orðið kl. 16:15 umræddan dag og rofi í aðveitustöð hafi þá leyst út og 9 dreifistöðvar orðið straumlausar. Orsök bilunarinnar var talin vera á loftlínu að tiltekinni dreifistöð, en þar hafi verið nokkrir brotnir einangrarar. Viðgerð lauk kl. 19:57, en við spennusetningu leysti út aftur vegna bilunar í streng sem liggur upp á umrædda loftlínu og varð rafmangslaust í um 20 sekúndur í þremur stöðvun. Síðari bilunin varð kl. 18:06 vegna bilunar í háspennustreng milli tveggja dreifistöðva. Við það urðu 20 dreifistöðvar straumlausar, þar af 5 stöðvar sem einnig höfðu orðið straumlausar við fyrri bilunina. Rafmagn var komið á allar stöðvar innan klukkustundar. X kveður O ekki bera ábyrgð á tjóni M, sbr. m.a. 13. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um O, og hefur því hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir um bilunina í flatskjá M, hvers eðlis hún er og hvað mun hafa valdið henni. Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. téðrar reglugerðar nr. 297/2006 undanþiggur O sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð heimila, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem m.a. má rekja til bilana eða takmarkana á orkuvinnslunni eða spennubreytinga rafmagns. Ábyrgðartakmörkun þessi er þó bundin því að beint tjón orkukaupanda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna O, sbr. 4. mgr. 13. gr. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að meint tjón M verði rakið til mistaka starfsmanna O. Þá verður bótabyrgð O ekki reist á reglum laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð í máli þessu. Að þessu virtu ber O ekki ábyrgð á því tjóni sem M telur sig hafa orðið fyrir og þar af leiðir að það fæst heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu O hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá X.

Reykjavík, 2. mars 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.